



Rekstrarfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Hagnýtt nám fyrir atvinnulífið
í iðn- og tæknifræðideild HR

Rekstrarfræði

Gráða:
Diplóma

//

Lengd náms:
3 annir

//

Fjöldi eininga:
45

//

Fyrirkomulag:
Fjarnám

Einstaklingar með iðnmenntun, starfsreynslu og þekkingu á rekstri fyrirtækja, eru eftirsóttir í atvinnulífínu. Iðn- og tækni-fræðideild HR býður upp á diplómanám í rekstrarfræði sem er stutt og hagnýtt rekstrar- og viðskiptanám, sérstaklega sniðið að einstaklingum á vinnumarkaði.

Hagnýt og raunhæf verkefni

Í diplómanáminu hljóta nemendur almenna þekkingu og skilning á undirstöðu-atriðum í fjármálum fyrirtækja, hagfræði, fjármálastjórn, rekstrargreiningu, nýsköpun og stofnun fyrirtækja og mannauðsstjórnun. Lögð er megináhersla á að nemendur vinni hagnýt, raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu kennara úr atvinnulífínu og auka hæfni nemenda á þessum sviðum.


Námið er þrjár annir að lengd og kennt er í fjarnámi með staðarlotum sem gerir nemendum kleift að stunda námið samhliða vinnu.

Fyrir hverja er námið?

Námið nýtist á flestum sviðum atvinnulífsins. Það hentar vel þeim sem vilja auka færni sína í stjórnun og rekstri almennt og er jafnframt tilvalið fyrir þá sem eru í fyrirtækjarekstri eða hyggjast fara út í rekstur.

// hr.is/itd

// itd@ru.is



„Ég valdi að fara í námið því ég hef töluverðan áhuga á rekstri fyrirtækja og vantaði aðeins meiri þekkingu en ég hafði fengið í véliðnfræðinni. Ég er viðhaldsstjóri vélbúnaðar og húsnæðis hjá MS á Selfossi og þarf þar að nýta mér rekstrarþekkinguna. Jafnframt rek ég meðalstórt sauðfjárbú þar sem þessi þekking kemur sér einnig vel.“

Jón Sindri Stefánsson

Diplóma í rekstrarfræði frá HR 2020

Diplóma í véliðnfræði frá HR 2012

Sveinspróf í vélsmíði